

Ed. **970. Frumvarp til laga** [444. mál]

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandiðata frá Háskóla Íslands til embætta, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna kemur ný mgr. er orðist svo:

Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandiðötum í guðfræði frá háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hér á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú nýlega hefur atvikast svo að guðfræðingur með próf frá sænskum háskóla hefur sótt um prestakall hér á landi. Þyrfti hann skv. gildandi lögum að ganga undir guðfræðiþróf hér til þess að hafa rétt til embættisins. Er því hér aðeins farið fram á undanþáguheimild fyrir guðfræðikandiðata frá háskólum nágrannalandanna og svo um búið að varla ætti neinn að óttast skaðlegar afleiðingar.